

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1978-1998.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðherra þann 4. apríl 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1978 - 1998, frá 30. mars 1978 með síðari breytingum.

Breytingin felst í eftirfarandi:

Íbúðarlóð að Vesturvegi 1 verður verslunarlóð.

Stækkun íbúðarlóðar að Vesturvegi 3.

Ný íbúðarlóð að Vesturvegi 5.

Norðurgata verður göngu-/vistgata.

Byggingarlóðir beggja vegna Norðurgötu verða með blandaða notkun íbúða, verslana og þjónustu.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Seyðisfjarðar. Skipulagsstjórn ríkisins mælir með staðfestingu á breytingum á staðfestu aðalskipulagi með ákveðnum skilyrðum.

Með vísan til umsagnar Veðurstofu Íslands dags. 3. janúar 1997 eru eftirfarandi skilyrði sett fyrir samþykki byggingarleyfa:

Byggingarleyfi fyrir húsi á lóðinni nr. 1 við Vesturveg verði ekki veitt nema það verði sérstaklega styrkt gegn snjóflóðum, þ.e. 2 tonn/m² og húsið verði rýmt á hættutímum.

Byggingarleyfi fyrir húsi á lóðinni nr. 5 við Vesturveg verði ekki veitt nema að upplýttum skilyrðum Veðurstofu Íslands og Skipulags ríkisins.

Umhverfisráðuneytinu, 8. apríl 1997.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á staðfestu deiliskipulagi, staðgreinireitur 1.154.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 5. janúar 1997 staðfest breytingu á staðfestu deiliskipulagi frá 13. maí 1986, með síðari breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964. Breytingin snertir staðgreinireit 1.154, Skúlagötu 17.

Breytt er byggingarreit.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytinu, 8. apríl 1997.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.